



Alþingi - umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, föstudagur, 10. mars 2023
UST202302-403/S.F.
04.00

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (EES reglur), 712. mál - Umsögn Umhverfisstofnunar

Visað er til tölvupósts dags. 23. febrúar sl. þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 (EES reglur), 712. mál, til umsagnar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið snúi eingöngu að reglum sem leiða af EES-samningnum og séu þau ákvæði óbreytt frá fyrra frumvarpi sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi, að undanskildum b-lið 7. gr. sem mæli fyrir um heimild um að gjaldskrár taki mið af umhverfissjónarmiðum með vísan til orkunýtni eða kolefnisnýtni siglinga. Segir þar að orðalagi liðarins hafi verið breytt þannig að um afslætti eða álögur geti verið að ræða.

Í fyrra frumvarpi var orðalagið á þá leið að heimilt væri að „að veita afslátt af gjöldum með vísan til umhverfissjónarmiða, orkunýtni eða kolefnisnýtni sjáflutninga samkvæmt nánari úfærslu í gjaldskrá“ en í frumvarpinu sem nú er lagt fram segir að heimilt sé að „gjaldskrár taki mið af umhverfissjónarmiðum með vísan til orkunýtni eða kolefnisnýtni siglinga“. Breytt orðalag virðist því ekki vísa til umhverfissjónarmiða almennt heldur eingöngu atriða er lúta að orkunýtni eða kolefnisnýtni. Að mati Umhverfisstofnunar verður þar með um að ræða þrengri heimildir en settar eru fram í 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/352 en þar segir: „Hafnargrunnvirkja gjöld mega vera breytileg í samræmi við stefnu hafnarinnar á sviði efnahagsmála og stefnu hennar á sviði skipulagsáætlunar, m.a. í tengslum við tiltekna flokka notenda, eða í því skyni að stuðla að skilvirkari notkun hafnargrunnvirkja, flutningum á stuttum sjóleiðum eða miklum árangri í umhverfismálum, orkunýtni eða kolefnisnýtni [áherslubreyting Umhverfisstofnunar] flutningsaðgerða, sbr. þó 3. mgr.“

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt f. lið 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 er gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum innheimt sem hluti af hafnargjaldi, sbr. einnig 11. gr. c í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í 3. mgr. 11. gr. c í lögum nr. 33/2004 kemur fram að gjaldið megi lækka ef „umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð“. Sams konar ákvæði er í 2. gr. reglugerðar nr. 1201/2014 um

gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum. Úrgangsgjaldið og heimildin til lækkunar á gjaldinu byggir á tilskipun 2000/59/EB um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum. Ný tilskipun (ESB) 2019/883 um sama efni hefur verið tekin upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar í júní 2022. Þeirri tilskipun fylgir framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/91 þar sem skilgreind eru viðmið sem taka skal tillit til við útreikning á lækkun úrgjaldsgjalds.

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun að við breytingu á hafnalögum þar sem sett er inn heimild til að veita afslætti eða leggja á álögur með hliðsjón af umhverfisframmistöðu skipa eigi ekki að takmarka slíka heimild við orkunýtni eða kolefnisnýtni skipa heldur skuli heimildin miðast við hvort viðkomandi skip geti sýnt fram á að þau séu að ná árangri á sviði umhverfismála og draga úr umhverfisspori, sbr. einnig orðalag í fyrra frumvarpi. Stofnunin telur að slíkt sé í samræmi við markmið 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/352, sbr. einnig lið 49 í inngangi reglugerðarinnar þar sem segir:

„Leyfa ætti breytileika í hæfnargrunnvirkjaæjöldum til að efla flutninga á stuttum sjóleiðum og laða að fjótandi för með árangur yfir meðallagi á sviði umhverfismála og orku- eða kolefnisnýtni innan flutningastarfsemi, einkum flutninga á sjó eða starfsemi á landi þeim tengdum. Þetta ætti að stuðla að því að stefnumarkmið á sviði umhverfis og loftslagsbreytinga náist og sjálfbærri þróun hæfnar og umhverfis hennar, einkum með því að stuðla að því að draga úr umhverfissporum fjótandi fara sem koma til hæfnar og dvejja þar.“

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 2. gr.

Umhverfisstofnun leggur til að 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Heimilt er að gjaldskrár taki mið af árangri í umhverfismálum, orkunýtni eða kolefnisnýtni í siglingum. Afslættir eða álögur skulu samkvæmt nánari útfærslu í gjaldskrá vera gagnsæjar, hlutlægar og án mismunar og samræmast samkeppnislögum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla nánar fyrir um afslætti eða álögur við gjaldtöku hafna.

Um 3. gr.

Umhverfisstofnun leggur til að 3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Heimilt er að gjaldskrár taki mið af árangri í umhverfismálum, orkunýtni eða kolefnisnýtni í siglingum. Afslættir eða álögur skulu samkvæmt nánari útfærslu í gjaldskrá vera gagnsæjar, hlutlægar og án mismunar og samræmast samkeppnislögum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla nánar fyrir um afslætti eða álögur við gjaldtöku hafna.

Með vísan til framangreinds telur Umhverfisstofnun mikilvægt að breytingar verði gerðar á frumvarpinu áður en það verður samþykkt.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar og fara nánar yfir efni umsagnarinnar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,

Sigurrós Friðriksdóttir,
séi fræðingur

Lilja Ólafsdóttir
lögfræðingur